
VEÐSAMNINGUR

(sjálfsvörsluveð í veðskuldabréfum skv. 43. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð
og veð í almennum fjárkröfum og réttindum samninga skv. 45. gr. laga nr. 75/1997
um samningsveð)

VEDSAMNINGUR ("Veðsamningur" eða "Veðsamningurinn") þessi er gerður þann 24. október 2016 af:

- (1) **LÝSINGU HF.** kennitala 621101-2420, með lögheimili að Ármúla 1, 108 Reykjavík, sem veðsala ("Veðsali"), og
- (2) **KPMG ehf.** kennitala 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík sem veðgæsluaðili fyrir hönd eigenda skuldabréfa sem gefin eru út samkvæmt sérstökum útgáfum skuldabréfa, nú eða síðar, samkvæmt Útgáfulýsingunni ("Veðgæsluaðili").

1. SKILGREININGAR

1.1. Í veðsamningi þessum merkja neðangreindar skilgreiningar eftirfarandi:

"Fjármögnunarsamningur"

Merkir:

(a) bílasamningur eða kaupleigusamningur um Undirliggjandi eign sem gerður er milli Leigutaka og Veðsala (eða sem Veðsali hefur fengið framseldan í hendur) sem leigusala og (b) lánsamningur sem tryggður er með veði í Undirliggjandi eign sem Veðsali hefur gert (eða fengið framseldan) sem lánveitandi við Lántaka, sem og sérhverjar breytingar sem gerðar eru á slíkum samningi milli sömu aðila og sérhver réttur eða krafa sem Veðsali kann að eiga á hendur Leigutaka eða Lántaka samkvæmt slíkum samningi.

„Grunnlýsingin“

er Grunnlýsing Veðsalans sem lýsir kr. 70.000.000.000 útgáfuramma um skuldabréf og víxla sem fyrirhugað er að skrá í Nasdaq OMX kauphöll.

"Hámarksfjárhæð"

hefur merkinguna sem er að finna í ákvæði 2.1 í Veðsamningi þessum.

"Krafa"

þýðir allt sjóðstreymi nú og síðar samkvæmt Fjármögnunarsamningum sem Veðsalinn á rétt til, þar með talið: (i) allar greiðslur samkvæmt skilmálum sérhvers Fjármögnunarsamnings hvort sem um er að ræða reglulegar leigugreiðslur, fyrirframgreiðslur, eða greiðslur að fullu sem gerðar eru af Leigutökum, (ii) söluandvirði Undirliggjandi eignar sem seld er af Veðsala óháð því hvort slíkt er gert vegna vanefndar viðskiptavinar (en að frátöldum eðlilegum kostnaði sem Veðsali verður fyrir vegna slíkrar sölu sem Veðsali hefur ekki fengið greiddan með öðrum hætti) og (iii) sérhver

*fms
57*

| | |
|------------------------------|---|
| | önnur fjárhæð sem fæst vegna endurheimtu eða fullnustu Fjármögnunarsamnings. |
| “Lántaki” | er aðili sem er lántaki lánasamning sem gerður hefur verið við Veðsala sem lánveitanda. |
| “Leigureikningar” | þýðir reikningar sem Veðsali gefur út til Leigutaka eða Lántaka í frumriti eða með rafrænum hætti samkvæmt skilmálum í viðkomandi Fjármögnunarsamningi (að meðtöldum þjónustugjöldum og kostnaði) sem falla í gjalddaga á hverjum tíma. |
| “Leigutaki” | þýðir einstaklingur eða lögaðili sem gert hefur bílasamning eða kaupleigusamning við Veðsala, sem og sérhver aðili sem kemur í stað slíks einstaklings eða lögaðila samkvæmt samkomulagi við Veðsala. |
| “Lög um samningsveð” | þýðir lög nr. 75/1997 um samningsveð. |
| “Skuldabréf” | merkir hvers konar skuldabréf sem tryggt er með veði í lausafé (þar mað talið skráðum ökutækjum) og er gefið út til Veðsala af viðskiptavinum hans, eða sem Veðsali hefur fengið framseld í hendur. |
| “Skuldari” | þýðir útgefandi Skuldabréfs eða lántaki samkvæmt lánasamningi. |
| “Tryggður aðili” | merkir sérhver eigandi skuldabréfa sem gefin eru út á grundvelli Útgáfulýsingarinnar nú eða síðar. |
| “Undirliggjandi eign” | þýðir ökutæki, lausafé eða fasteignir sem eru í eigu Leigusala eða annars félags í samstæðu Leigusala og sem: a) eru leigð Leigutaka samkvæmt Fjármögnunarsamningi, eða b) eru veðsett Veðsala samkvæmt Skuldabréfi, eða c) veðsett Veðsala með tryggingabréfi og standa til tryggingar lánasamningi og/eða skuldabréfi. |
| “Upplýsingarnar” | þýðir allar upplýsingar og gögn Veðsalans um Fjármögnunarsamningana, Skuldabréfin og Kröfurnar sem veðsett eru samkvæmt veðsamningi þessum ásamt afritum af öllum gögnum vegna þeirra, þ.m.t. af útgefnum Leigureikningum, og samskipti við Viðskiptavini hvort sem slíkar upplýsingar eru í eiginlegu eða rafrænu formi. |

Handwritten signature and initials

| | |
|------------------------------------|--|
| “Útgáfulýsingin” | merkir sérhverja skuldabréfaútgáfu sem gefin er út samkvæmt kr. 70.000.000.000 útgáfuramma sem lýst er í Grunnlýsingu Veðsala og sem fyrirhugað er að skrá í kerfum Nasdaq OMX kauphallar, þar með talið samkvæmt skuldabréfaflokknum Lýsing 16-1 sem gefinn er út þann 25. október 2016. |
| “Vanefndatilvik” | þýðir (i) ef gjaldfellingarheimild verður virk að teknu tilliti til frests sem veðsali hefur til að bæta úr slíkri vanefnd (eins og gjaldfellingarheimild er skilgreind í endanlegum skilmálum skuldabréfanna) eða (ii) þau atvik sem getið er í 9. gr. laga um samningsveð varðandi Veðsettar eignir, og sem ekki hefur verið bætt úr af Veðsala innan 20 daga frá því að slíkt atvik verður. |
| “Veð” | hefur merkinguna sem kemur fram í grein 2.1 í veðsamningi þessum. |
| “Veðgæslusamningurinn” | þýðir samningur milli Veðsala og Veðgæsluaðilans þar sem Veðgæsluaðillinn samþykkir að taka að sér veðgæslu fyrir hönd og til hagsbóta fyrir Tryggða aðila og sem undirritaður er sama dag og Veðsamningur þessi. |
| “Veðhlutfall” | hefur merkinguna sem skilgreind er í endanlegum skilmálum Útgáfulýsingarinnar. |
| “Veðsett skuldabréf” | þýðir Skuldabréf þau sem uppfylla ákvæði endanlegra skilmála Útgáfulýsingarinnar og eru listuð upp með tæmandi hætti í Viðauka 2 við Veðsamning þennan. |
| “Veðsettar eignir” | þýðir Veðsettir samningar og Veðsett skuldabréf. |
| “Veðsettir bankareikningar” | þýðir eftirfarandi bankareikningar Veðsala hjá Arion banka hf.: 358-26-1106 og 358-26-1107, eða aðrir bankareikningar Veðsala sem Veðgæsluaðili hefur samþykkt skriflega við Veðsala. |
| “Veðsettir samningar” | þýðir Fjármögnunarsamningar og Kröfur undir þeim sem uppfylla ákvæði endanlegra skilmála Útgáfulýsingarinnar og eru tæmandi taldir upp í Viðauka 1 við Veðsamning þennan. |

Handwritten signature and initials in blue ink.

| | |
|--------------------------|--|
| “Veðtryggð skuld” | þýðir allar skuldir Veðsala sem stofnast nú eða síðar undir Útgáfulýsingunni hvaða nafni sem nefnist og hvort sem um er að ræða höfuðstól, vexti, verðbætur, gengismun, kostnað, þóknanir eða kostnað sem leiðir af innheimtu. |
| “Veðtímabilið” | þýðir tímabilið frá dagsetningu Veðsamnings þessa og þar til Veðgæsluaðilinn staðfestir að Veðtryggða skuldin hefur verið greidd að fullu, eða ef Veðið samkvæmt Veðsamningi þessum hefur verið leyst að fullu úr veðböndum. |
| “Viðskiptavinir” | þýðir Leigutakar, Skuldarar og Lántakar. |
| “Virkur dagur” | þýðir dagur sem ekki er laugardagur eða sunnudagur þegar bankar eru opnir í Reykjavík. |

VEÐIÐ

- 2.1. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu Veðsala á Veðtryggðu skuldinni, auk vaxta dráttarvaxta og kostnaðar, að fjárhæð allt að kr. 70.000.000.000 – sjöttíu milljarðar króna- (**“Hámarksfjárhæðin”**), setur Veðsalinn hér með Veðgæsluaðilanum eftirfarandi eignir að veði með 1. veðrétti, með þeim skilmálum sem greinir í Veðsamningi þessum (**“Veðið”**):

2.1.1. Veð í réttindum Fjármögnunarsamninga og í Kröfum

- (A) Veðsalinn setur hér með Veðgæsluaðilanum að veði, með vísan til 1. mgr. 45. gr. laga um samningsveð, öll réttindi sín samkvæmt Veðsettum Fjármögnunarsamningum og Kröfum, hvort sem um er að ræða núverandi réttindi eða þau sem síðar kunna að koma, að meðtöldum; (i) réttindum til að krefjast greiðslna sem og að innheimta öll réttindi vegna Krafnanna sem Veðsali á rétt til og (ii) sækja öll slík réttindi með málsókn eða öðrum hætti að mati Veðgæsluaðila.
- (B) Veðsalinn skuldbindur sig til þess að: (i) ráðstafa öllum greiðslum vegna Veðsettra samninga sem innheimtar eru með Leigureikningum rafrænt í gegnum innheimtukerfi Veðsala sjálfvirkt inn á Veðsetta bankareikninga, og (ii) ráðstafa öllum öðrum greiðslum sem Veðsali móttekur vegna Veðsettra samninga inn á Veðsetta bankareikninga eigi síðar en tíu Virkum dögum frá móttöku slíkra greiðslna.
- (C) Veðsalinn skuldbindur sig til þess að gefa út og senda sérstaka tilkynningu til Leigutaka og Lántaka í því formi sem er að finna í Viðauka 7 við Veðsamninginn annað hvort í gegnum rafrænt innheimtukerfi sitt eða með almennum pósti eigi síðar en tíu Virkum dögum frá útgáfudegi skuldabréfanna. Jafnframt skal

AMM
HT ST

Leigusali árita alla Leigureikninga sem hann gefur út eftir dagsetningu Veðsamningsins með eftirfarandi hætti: "Allar fjárkröfur samkvæmt samningi þínum við Lýsingu hf. hafa verið veðsettar samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð til KPMG ehf., kt. 590975-0449, sem veðgæsluaðila, fyrir hönd tryggðra aðila, skv. veðsamningi dagsettum _____ 2016. Allar greiðslur samkvæmt fyrrgreindum samningi þínum við Lýsingu hf. skulu inntar af hendi til Lýsingar hf., nema tilkynning um annað berist frá KPMG ehf."

- (D) Óski Veðsali eftir að veðsetja réttindi frekari Fjármögnunarsamninga og Krafna, sem honum er heimilt að veðsetja, eftir dagsetningu Veðsamnings þessa skal hann undirrita tilkynningu í því formi sem er að finna í Viðauka 3 (Ný veðsetning Fjármögnunarsamninga) sem teljast þá eftir móttöku Veðgæsluaðilans Veðsettir samningar í skilningi Veðsamningsins. Skal Veðsali jafnframt fara eftir ákvæði liðar (C) hér að framan varðandi tilkynningar og áritun Leigureikninga varðandi slíka samninga sem síðar kunna að vera veðsettir.

Sjálfsvörsluveð í Skuldabréfum

- (A) Veðsalinn setur hér með Veðgæsluaðilanum að veði með sjálfsvörsluveði, með vísan til 43. gr. laga um samningsveð, öll réttindi sín samkvæmt Veðsettum skuldabréfum hvort sem um er að ræða núverandi réttindi eða þau sem síðar kunna að koma.
- (B) Veðsalinn skuldbindur sig til þess að: (i) ráðstafa öllum greiðslum vegna Veðsettra skuldabréfa sem innheimt eru rafrænt í gegnum innheimtukerfi Veðsala sjálfvirktt inn á Veðsetta bankareikninga, og (ii) ráðstafa öllum öðrum greiðslum sem Veðsali móttekur vegna Veðsettra skuldabréfa inn á Veðsetta bankareikninga eigi síðar en tíu Virkum dögum frá móttöku slíkra greiðslna.
- (C) Innan tíu Virkra daga frá útgáfudegi skuldabréfanna skal Veðsalinn árita hvert og eitt frumrit Veðsettra skuldabréfa með eftirfarandi áritun: "Skuldabréf þetta hefur verið veðsett með sjálfsvörsluveði og fyrsta veðrétti til KPMG ehf., kt. 590975-0449, sem veðgæsluaðila, fyrir hönd skuldabréfaeigenda skv. veðsamningi dags. _____ 2016, í samræmi við 43. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997."
- (D) Óski Veðsali eftir að veðsetja réttindi nýrra Skuldabréfa, sem honum er heimilt að veðsetja, eftir dagsetningu veðsamnings þessa skal hann undirrita tilkynningu í því formi sem er að finna í Viðauka 4 (Ný veðsetning Skuldabréfa) sem teljast þá eftir móttöku Veðgæsluaðila Veðsett skuldabréf í skilningi Veðsamnings þessa. Skal Veðsali jafnframt fara eftir ákvæði liðar (C) hér að framan varðandi áritun frumrita Veðsettra skuldabréfa varðandi Skuldabréf sem svo eru síðar veðsett.

2.2. Þær eignir sem taldar eru upp í 2.1.1 og 2.1.2 að framan (eins og þær kunna

Handwritten signature and initials: PMM, HX, SS

að breytast eða við þær bætt samkvæmt ákvæðum Veðsamningsins, er hér eftir vísað til sem ("**Veðsettra eigna**").

3. RÉTTARVERND VEÐSETTRA EIGNA GAGNVART ÞRIÐJA AÐILA

- 3.1. Veðsali skal tilkynna Leigutökum og Lántökum samkvæmt Veðsettum samningum með þeim hætti sem kveðið er á um í grein 2.1.1 í Veðsamningi þessum.
- 3.2. Veðsali skal árita frumrit Veðsettra skuldabréfa eins og kveðið er á um í grein 2.1.2 í Veðsamningi þessum.
- 3.3. Veðsali skal greiða öll opinber gjöld sem á Veðsamning þennan kunna að vera lögð svo og allan kostnað við að tryggja Veðinu réttarvernd gagnvart þriðja manni.

4. YFIRLÝSINGAR OG SKULDBINDINGAR VEÐSALA

- 4.1. Veðsalinn lýsir því hér með yfir að á þeim degi þegar Veðsamningur þessi er undirritaður gagnvart Veðgæsluaðilanum fyrir hönd Tryggðra aðila:
 - 4.1.1. Að Veðsali er lögformlegur eigandi Veðsettra eigna.
 - 4.1.2. Að Veðsettar eignir eru ekki veðsettar þriðja aðila og enginn þriðji aðili hefur rétt til eða heimild til þess að fá Veðsettar eignir afhentar.
 - 4.1.3. Að Veðsett skuldabréf eru gefin út með gildum hætti, eru framseljanleg án kvaða, og eru viðskiptabréf samkvæmt ákvæðum íslenskra laga.

5. SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR VEÐSALA

- 5.1. Á Veðtímabilinu skal Veðsali gera allt það á eigin kostnað sem Veðgæsluaðili kann með sanngirni að óska eftir, þar með talið að undirrita skjöl og aðra gerninga sem að mati Veðgæsluaðila er þörf á til að tryggja gildi eða fullnustumöguleika Veðsins.
- 5.2. Á Veðtímabilinu má Veðsali ekki selja, framselja, eða ráðstafa nokkurri Veðsettri eign, nema með skriflegu samþykki Veðgæsluaðila.
- 5.3. Meðan ekkert Vanefndatilvik sem ekki hefur verið bætt úr hefur orðið, skal Veðsali fara með og annast Veðsettar eignir í samræmi við eðlilega viðskiptahætti og venjur sem gilda um innheimtupjónustu og meðferð slíkra samninga.
- 5.4. Á Veðtímabilinu skal Veðsali ekki aðhafast nokkuð það sem gæti orðið til þess að yfirlýsingar hans samkvæmt þessari 5. gr. reynist rangar.

6. TILKYNNING Í KJÖLFAR VANEFNDATILVIKS

- 6.1. Verði Vanefndatilvik samkvæmt Veðsamningi þessum sem ekki hefur verið bætt úr, skal Veðgæsluaðili hafa heimild til þess að senda Viðskiptavinum tilkynningu í því formi sem er að finna í Viðauka 5 við Veðsamning þennan, þar sem Viðskiptavinum er tilkynnt um að þeir skuli greiða greiðslur sem áður voru greiddar Veðsala, beint á bankareikning Veðgæsluaðila, eða annars aðila sem

tilnefndur er af Veðgæsluaðila, eða á annan þann hátt sem tiltekinn er af Veðgæsluaðila í slíkri tilkynningu.

- 6.2. Veðgæsluaðila skal jafnframt vera heimilt að gera allar aðrar þær ráðstafanir sem þarf til þess að greiðslur berist samkvæmt Veðsettum samningum eða Veðsettum skuldabréfum til hans.

7. FULLNUSTA VEÐSINS

- 7.1. Verði Vanefndatilvik eins og það er skilgreint í Veðsamningi þessum, sem ekki hefur verið bætt úr, getur Veðgæsluaðilinn eindagað Veðið og gengið að Veðsettum eignum eins og kveðið er á um í 6. og 7. gr. Veðsamningsins.
- 7.2. Við eindögun veðskuldar skal Veðgæsluaðilinn hafa eftirfarandi heimild, til viðbótar við önnur þau úrræði sem kveðið er á um í Veðsamningi þessum eða sem ákvæði laga kunna ellegar að geyma, og án þess að hann þurfi að afla fyrirfram úrlausnar dómstóla eða samþykkis Veðsala, allt með þeim hætti sem Veðgæsluaðilinn ákveður:
- 7.2.1. Að selja Veðsettar eignir (í heild sinni eða hluta), án undirgenginnar nauðungarsölu, dóms, sáttar eða fjárnáms, með þeim hætti sem Veðgæsluaðilinn ákveður en þó alltaf á eðlilegu og sanngjörnu markaðsvirði og verja andvirði slíkrar sölu til greiðslu Veðtryggðrar skuldar; eða
- 7.2.2. að láta selja Veðsettar eignir á nauðungarsölu, án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms sbr. 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 laga um nauðungarsölu, og verja andvirði slíkrar nauðungarsölu til greiðslu Veðtryggðrar skuldar; eða
- 7.2.3. að innleysa hinar Veðsettu eignir með því að taka yfir eignarhald þeirra (í heild eða hluta) á eðlilegu og sanngjörnu markaðsvirði og verja innlausnarverðinu til greiðslu Veðtryggðrar skuldar.
- 7.3. Til viðbótar því sem kveðið er á um að framan, ef Vanefndatilvik hefur orðið sem ekki hefur verið bætt úr má Veðgæsluaðilinn (eða aðili sem hann skipar í sinn stað) að undangenginni skriflegri tilkynningu til Veðsalans, taka yfir og fara með öll réttindi yfir Veðsettum eignum fyrir hönd Veðsalans sem umboðsmaður hans og í hans stað uppfylla allar skyldur sem á Veðsalanum hvíla vegna Veðsettra eigna.
- 7.4. Verði Vanefndatilvik sem ekki hefur verið bætt úr, skal Veðsalinn afhenda Veðgæsluaðilanum Upplýsingarnar með þeim hætti og í því formi sem Veðgæsluaðilinn óskar eftir. Við slíka afhendingu skal að öllu leyti fylgja ákvæðum laga sem um afhendingu slíkra upplýsinga varða.
- ## **8. VEÐGÆSLUAÐILINN OG RÁÐSTÖFUN ANDVIRÐIS**
- 8.1. Þangað til Veðtímabilinu er lokið fer Veðgæsluaðilinn (eða þeir aðilar sem hann kann að skipa í sinn stað) með öll réttindi yfir Veðsettum eignum samkvæmt Veðsamningi þessum sem umboðsmaður fyrir hönd Tryggðra aðila.
- 8.2. Veðgæsluaðilinn skal verja sérhverju andvirði hinna Veðsettu eigna, komi til fullnustu veðsins samkvæmt ákvæðum Veðsamningsins, í eftirfarandi röð:

- 8.2.1. Í **fyrsta lagi**, til greiðslu kostnaðar eða hvers konar gjalda sem til hafa fallið vegna Veðsettra eigna.
 - 8.2.2. Í **öðru lagi**, til greiðslu þóknunar Veðgæsluaðilans eða vinnu sem hann eða aðilar sem hann hefur skipað í sinn stað hafa unnið vegna fullnustu Veðsettra eigna.
 - 8.2.3. Í **þriðja lagi**, til greiðslu áfallinna dráttarvaxta sem fallið hafa á skuldabréf sem gefin eru út samkvæmt Útgáfulýsingunni.
 - 8.2.4. Í **fjórdða lagi**, til greiðslu áfallinna vaxta á skuldabréf sem gefin hafa verið út samkvæmt Útgáfulýsingunni.
 - 8.2.5. Í **fimmta lagi**, til greiðslu höfuðstóls skuldabréfa sem gefin hafa verið út samkvæmt Útgáfulýsingunni.
- 8.3. Að lokinni ráðstöfun samkvæmt ákvæði greinar 8.2. að framan og að því gefnu að hin Veðtryggða skuld sé þá að fullu uppgreidd, skal eftirstöðvum andvirðis ef einhverjar eru, ráðstafað til Veðsala.
 - 8.4. Nægi andvirði hinna Veðsettu eigna ekki til þess að gera hina Veðtryggðu skuld upp að fullu skal andvirðinu ráðstafað hlutfallslega til allra Tryggðra aðila.

9. SKULDBINDINGAR VEÐSALA

Veðsalinn skal samkvæmt beiðni Veðgæsluaðilans og á eigin kostnað, gera allar þær ráðstafanir og undirrita slík skjöl og gerninga sem eru nauðsynleg og með sanngirni má ætlast til af honum til þess að Veðið haldi gildi sínu, eða til þess að tryggja réttarvernd Veðsins, þar með talið við fullnustu Veðsins samkvæmt ákvæðum 6. og 8. gr. Veðsamnings þessa.

10. VEÐBANDSLAUSN OG ÚTSKIPTING VEÐSETTRA EIGNA

- 10.1. Veðsala skal vera heimilt, að því tilskyldu að ekki hafi orðið Vanefndatilvik, að: (i) fá Veðsetta eign leysta úr veðböndum að því tilskyldu að Veðhlutfall sé lægra eða jafnt og 90% eftir að slík veðbandslausn er veitt, eða (ii) veðsetja frekari Skuldabréf eða Fjármögnunarsamninga í skiptum fyrir Veðsettar eignir og/eða reiðufé að samsvarandi fjárhæð, sem greitt skal inn á Veðsetta bankareikninga
- 10.2. Nýti Veðsalinn sér rétt sinn samkvæmt ákvæði greinar 10.1 skal Veðgæsluaðilinn undirrita veðbandslausn yfir Veðsettri eign sem leysa skal úr veðböndum með því að undirrita tilkynningu í því formi sem er að finna í Viðauka 6 við Veðsamning þennan.

11. UMBOD TIL VEÐGÆSLUAÐILANS

- 11.1. Veðsalinn gefur Veðgæsluaðilanum (eða þeim sem hann kann að framselja umboð þetta skriflega) fullt og ótakmarkað umboð til þess að að framkvæma neðangreindar ráðstafnir eða gerninga fyrir hönd Veðsala og í hans nafni:
 - 11.1.1. að framkvæma einhverja þá skyldu sem Veðsali hefur undirgengist samkvæmt Veðsamningi þessum en hefur ekki framkvæmt, þrátt fyrir áskorun Veðgæsluaðila þar um; og

- 11.1.2. eftir að Vanefndatilvik hefur orðið sem ekki hefur verið bætt úr, að koma Veðsettum eignum í verð, eins og kveðið er á um í 8. gr. Veðsamningsins; og
- 11.1.3. eftir að Vanefndatilvik hefur orðið sem ekki hefur verið bætt úr, að framselja eignarhald Veðsettra skuldabréfa til sín með innlausn eins og kveðið er á um í 8. gr. Veðsamningsins og að árita frumrit hvers Veðsetts skuldabréfs með eftirfarandi texta:

"Skuldabréf þetta hefur verið framselt til KPMG ehf. kt. 590975-0449 sem veðgæsluaðila fyrir hönd tiltekinna skuldabréfaeigenda, í samræmi við ákvæði veðsamnings dags. _____ 2016

Fyrir hönd Lýsingar hf.

*Undirritað af:
(skv. umboði frá Lýsingu, dags. 2016)".*

12. VEÐIÐ OG VEÐTÍMABILIÐ

- 12.1. Veð samkvæmt samningi þessum skal gilda á Veðtímabilinu og þangað til Veðtryggð skuld er að fullu uppgreidd.
- 12.2. Þegar Veðtímabilið er liðið undir lok skal Veðgæsluaðilinn að beiðni Veðsala, gera allar þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að staðfesta að Veðið sé fallið úr gildi, þar með talið að undirrita tilkynningar til Viðskiptavina sem þörf kann að vera á.

13. VEÐGÆSLUAÐILINN

- 13.1. Réttindi og skyldur Veðgæsluaðilans samkvæmt Veðsamningi þessum eru veitt fyrir hönd og til hagsbóta fyrir Tryggða aðila til samræmis við ákvæði Útgáfulýsingarinnar og Veðgæslusamningsins, nema annað sé tekið fram, og gegnir hann skyldum sínum vegna veðgæslunnar, þar með talið við fullnustu Veðsins.
- 13.2. Veð sem Veðgæsluaðilanum er veitt samkvæmt samningi þessum er sameiginlegt veð allra Tryggðra aðila, samkvæmt þeim skuldabréfaútgáfum sem gefin verða út, nú eða síðar, samkvæmt Útgáfulýsingunni.

14. ÖNNUR ÁKVÆÐI

- 14.1. Veðið er til viðbótar öðrum tryggingum sem Veðgæsluaðila hafa verið veittar.
- 14.2. Ákvæðum Veðsamnings þessa verður aðeins breytt með skriflegum samningi milli Veðsala og Veðgæsluaðila.
- 14.3. Um Veðsamning þennan gilda íslensk lög og skal Héraðsdómur Reykjavíkur hafa lögsögu til þess að leysa úr sérhverjum ágreiningi sem upp kann að koma milli aðila Veðsamningsins.

HH
SS

Veðsamningur þessi er gerður í tveimur eintökum einu fyrir hvorn aðila
Veðsamningsins og er undirritaður í votta viðurvist

**FYRIR HÖND LÝSINGAR
HF. SEM VEÐSALA**

[Handwritten signature]

**FYRIR HÖND KPMG EHF.
SEM VEÐGÆSLUAÐILA**

[Handwritten signature]

Vottar að dagsetningu, undirritun og fjárræði aðila:

[Handwritten signature] *[Handwritten number]*
Nafn kt.

[Handwritten signature] *[Handwritten number]*
Nafn kt.

VIÐAUKI 1
VEÐSETTIR SAMNINGAR

VIÐAUKI 2
VEÐSETT SKULDABRÉF

VIÐAUKI 3

NÝ VEÐSETNING FJÁRMÖGNUNARSAMNINGA

KPMG ehf (sem Veðgæsluaðili)

Borgartúni 27

105, Reykjavík

Efni: Veðsetning frekari fjármögnunarsaminga

Vísað er til Veðsamnings dags. [●] 2016 milli Lýsingar hf. sem veðsala og KPMG ehf. sem veðgæsluaðila. Hugtök notuð í þessari tilkynningu hafa þá merkingu sem skilgreind er í Veðsamningnum.

Samkvæmt ákvæði greinar 2.1.2 í Veðsamningum sbr. ákvæði stafliðar (D) í grein 2.1.1, veðsetur Lýsing hf. með tilkynningu þessari Veðgæsluaðilanum samkvæmt 1. mgr. 45. gr. laga um samningsveð, öll réttindi sín samkvæmt neðangreindum Veðsettum Fjármögnunarsamningum og Kröfum:

| Númer samnings | Samningsfjárhæð | Vaxtakjör |
|----------------|-----------------|-----------|
|----------------|-----------------|-----------|

Ákvæði Veðsamningsins skulu gilda um Veðsetta Fjármögnunarsamninga og Kröfur sem veðsett eru með tilkynningu þessari.

Um tilkynningu þessa gilda íslensk lög og skal hún lúta lögsögu héraðsdóms Reykjavíkur.

Reykjavík [●]

Fyrir hönd Lýsingar hf.

Vottar að dagsetningu, undirritun og fjárræði:

_____ kt. _____

_____ kt. _____

VIÐAUKI 4
NÝ VEÐSETNING SKULDABRÉFA

KPMG ehf (sem Veðgæsluaðili)

Borgartúni 27

105, Reykjavík

Efni: Veðsetning frekari skuldabréfa

Vísað er til Veðsamnings dags. [●] 2016 milli Lýsingar hf. sem veðsala og KPMG ehf. sem veðgæsluaðila. Hugtök notuð í þessari tilkynningu hafa þá merkingu sem skilgreind er í Veðsamningnum.

Samkvæmt ákvæði greinar 2.1.1 í Veðsamningnum sbr. ákvæði stafliðar (D) í grein 2.1.1, veðsetur Lýsing hf. hér með Veðgæsluaðilanum að veði með sjálfsvörsluveði, með vísan til 43. gr. laga um samningsveð, öll réttindi sín samkvæmt neðangreindum Veðsettum skuldabréfum:

| Númer samnings | Samningsfjárhæð | Vaxtakjör |
|----------------|-----------------|-----------|
|----------------|-----------------|-----------|

Ákvæði Veðsamningsins skulu gilda um Veðsett skuldabréf sem veðsett eru með tilkynningu þessari.

Um tilkynningu þessa gilda íslensk lög og skal hún lúta lögsögu héraðsdóms Reykjavíkur.

Reykjavík [●]

Fyrir hönd Lýsingar hf.

Vottar að dagsetningu, undirritun og fjárræði:

_____ kt. _____

_____ kt. _____

VIÐAUKI 5

TILKYNNING TIL VIÐSKIPTAVINA UM FULLNUSTU VEÐS

Nafn Viðskiptavinar

Samningsnúmer/númer skuldabréfs

Tilkynning um fullnustu veðs

[Vísað er til tilkynningar Lýsingar hf. til þín um að öll réttindi og almennar fjárkröfur samkvæmt ofangreindum samningi/um þínum hefðu verið veðsettar skv. 45. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð hefðu verið veðsett KPMG ehf. sem veðgæsluaðila fyrir hönd tiltekinna tryggðra aðila, samkvæmt veðsamningi milli Lýsingar hf. og KPMG ehf. dags [●] 2016.]

[Með veðsamningi dags. [●] 2016 milli Lýsingar hf. sem veðsala og KPMG ehf. sem veðhafa og veðgæsluaðila fyrir hönd tiltekinna tryggðra aðila, veðsetti Lýsing öll réttindi sín með sjálfsvörsluveði samkvæmt ofangreindu veðskuldabréfi/um þínu]

Hér með tilkynnist að við sem veðgæsluaðili höfum nú gengið að framangreindu veði til samræmis við ákvæði veðsamningsins, og tekið yfir öll réttindi ofangreinds [samnings/samninga við Lýsingu hf.] [veðskuldabréfs/veðskuldabréfa]

Hér með tilkynnist, að allar greiðslur af [framangreindum samningi/um] [veðskuldabréfi/um], hvort sem þær falla í gjalddaga nú eða síðar, skal greiða með eftirfarandi hætti [með greiðslu inn á bankareikning veðgæsluaðila nr. [●]] [annar greiðslumáti skv. vali veðgæsluaðila].

Annar greiðslumáti en sem getið er hér að framan er ófullnægjandi og leysir þig ekki undan greiðsluskyldu.

Reykjavík [●]

Fyrir hönd KPMG ehf.

VIÐAUKI 6
VEÐBANDSLAUSN

KPMG ehf (sem Veðgæsluaðili)

Borgartúni 27

105, Reykjavík

Efni: Veðbandslausn

Vísað er til Veðsamnings dags. [●] 2016 milli Lýsingar hf. sem veðsala og KPMG ehf. sem veðgæsluaðila. Hugtök notuð í þessari tilkynningu hafa þá merkingu sem skilgreind er í Veðsamningnum.

Með vísan til ákvæðis greinar 10.1 í Veðsamningnum er hér með óskað eftir að þú sem veðgæsluaðili leysir eftirfarandi Veðsettar Eignir úr veðböndum:

| Númer samnings/ skuldbaréfs | Samningsfjárhæð | Vaxtakjör |
|--|------------------------|------------------|
|--|------------------------|------------------|

Með vísan til ákvæðis greinar 10.2 óskum við hér með eftir að veðgæsluaðilinn áriti bréf þetta um veðbandslausn og sendi undirritað frumrit til okkar.

Um veðbandslausn þessa gilda íslensk lög og skal hún lúta lögsögu héraðsdóms Reykjavíkur.

Reykjavík [●]

Fyrir hönd Lýsingar hf.

Við staðfestum móttöku á framangreindri veðbandslausn og samþykkingum hér með sem veðgæsluaðili fyrir hönd tryggðra aðila að leysa ofangreindar Veðsettar eignir úr veðböndum.

Reykjavík [●]

Fyrir hönd KPMG ehf. sem veðgæsluaðila

VIÐAUKI 7

TILKYNNING TIL VIÐSKIPTAVINA UM VEÐSETNINGU

Nafn Viðskiptavinar

Efni: Veðsetning kröfu

Ágæti viðskiptavinur.

Hér með tilkynnist að öll réttindi og almennar fjárkröfur samkvæmt framangreindum samningi/um þínum nr. _____ við Lýsingu (Lykil) hafa verið veðsettar skv. 45. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð til KPMG ehf. sem veðgæsluaðila fyrir hönd tiltekinna tryggðra aðila.

Þessi aðgerð hefur engin áhrif á viðskiptasamband okkar eða kjör þín og allar greiðslur samkvæmt samningnum/unum skulu eftir sem áður inntar af hendi til Lýsingar hf., nema tilkynning um annað berist frá KPMG ehf. Samhliða framangreindu, hefur veði yfir réttindum og almennum fjárkröfum við Kviku banka hf. verið aflétt.

Með bestu kveðju frá Lykli

Lykill er hluti af Lýsingu hf.